

Hestar og þróun klasa: hestatengdur klasi á Norðurlandi vestra

Ingibjörg Sigurðardóttir^{1*}, Runólfur Smári Steinþórsson^{2**}

¹*Ferðamáladeild Háskólans á Hólum*, ²*Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands*

Ágrip

Þróun og efnahagslegt mikilvægi klasa hefur verið viðfangsefni fræðimanna um árabil. Kenningum um klasa og klasaþróun hefur verið beitt við greiningu á ýmsum atvinnugreinum og landsvæðum, meðal annars í dreifbýli, en sjaldan til greiningar á hestamennsku sem atvinnugrein.

Í þessari grein er fjallað um rannsókn á þróun klasa í hestamennsku á Norðurlandi vestra. Rannsóknin byggir á greiningu fyrilliggjandi gagna um hestamennsku og tengdar atvinnugreinar á svæðinu. Leitað er svara við því hvort þróun í hestatengdri starfsemi á Norðurlandi vestra samræmist kenningum um klasa. Sett er fram klasakort fyrir hestamennsku á Norðurlandi vestra og rýnt í þróun hestamennsku á svæðinu, dreifingu hestatengdra fyrirtækja, stoðkerfis og tengdrar þjónustu ásamt því að einkenni greinarinnar eru rannsökuð út frá fjölda, stærð og gerð fyrirtækja sem og vísbindingum um samkeppni, samstarf og flæði þekkingar.

Þróun hrossaræktar og hestamennsku á sér langa sögu á Norðurlandi vestra og er ímynd svæðisins nátengd hestum. Fyrstu niðurstöður benda til að skýr merki séu um þróun klasa í hestamennsku á svæðinu. Fjölbreytni hestatengdra fyrirtækja á svæðinu er umtalsverð og fjöldi hrossa miðað við íbúafjölda er meiri en annars staðar á landinu. Nám í hestamennsku er í boði upp á háskólastig. Tengsl hestamennsku og ferðaþjónustu virðast vera nokkuð sterk og má sjá merki um tengda klasa í ferðaþjónustu og landbúnaði.

Efnisorð: Hestatengd starfsemi, klasi, Norðurland vestra, virðisauki, þekking.

Inngangur

Ímynd Norðurlands vestra hefur lengi verið nátengd hestum og hestamennsku (Guðrún Þóra Gunnarsdóttir o.fl. 2006). Ekkert svæði á landinu hefur eins mikinn fjölda hrossa á íbúa eins og Norðurland vestra. Þar eru 2600 hross á hverja 1000 íbúa en til samanburðar eru 1160 hross á hverja 1000 íbúa á Suðurlandi. Þrátt fyrir þennan mikla fjölda hrossa eru takmarkaðar upplýsingar fyrilliggjandi um umfang og þróun fyrirtækja og annarrar hestatengdrar starfsemi á þessu svæði (Ingibjörg Sigurðardóttir 2011). Bent hefur verið á að sú sé raunin varðandi hestatengda starfsemi víða erlendis (The Henley Center 2004, Ollenburg 2005, Liljenstolpe 2009, Buchmann 2014).

* inga@holar.is og ** rsmari@hi.is

Nokkuð kostnaðarsamt er að halda uppi þessum mikla fjölda hrossa. Því er athyglisvert að skoða nánar hverskonar atvinnustarfsemi hefur verið byggð upp í tengslum við hross og hestamennsku á Norðurlandi vestra til að vega upp á móti þessum kostnaði og skapa virði í formi hestatengdrar starfsemi. Rannsókn sú sem hér er kynnt, er fyrsti hluti af stærra rannsóknarverkefni sem fjallar um þróun klasa á sviði hestamennsku á Norðurlandi vestra. Í þessari rannsókn er litið á klasa sem þyrti fyrirtækja og stofnana í svipaðri starfsemi á landfræðilega afmörkuðu svæði, sem keppa innþyrðis en starfa einnig saman (Porter 1998). Markmiðið rannsóknarinnar er að draga fram vísbindingar um þróun hestatengdrar starfsemi á svæðinu og skoða hvort þar megi sjá merki um klasa og þann ávinning sem klasar gefa. Klasar teljast virkir hafi þeir jákvæð áhrif á fyrirtæki, stofnanir og svæði. Þeir geta haft jákvæð margföldunaráhrif og þannig styrkt bæði samkeppnishæfni atvinnugreina og samfélagslega þætti innan svæða (Porter 1998).

Í rannsókninni var, með greiningu fyrirliggjandi gagna, leitað svara við því hvernig þróun í hestatengdri starfsemi á Norðurlandi vestra samræmist klasahugtakinu og kenningum þar að lútandi. Leitast var við að kortleggja þá hestatengdu starfsemi sem er til staðar og rýna í tengsl hennar við aðrar atvinnugreinar eins og ferðapjónustu og landbúnað.

Í greininni er fyrst fjallað um þróun hestamennsku á Norðurlandi vestra, meðal annars í tengslum við vaxtarsamninga þar sem kveðið er á um klasasamstarf svokallaðra vaxtargreina. Þá er fræðilegur kafli um klasa og svo kafli um þær aðferðir sem beitt var í rannsókninni. Því næst er gerð grein fyrir niðurstöðum um klasa hestatengdrar starfsemi og fjallað um þær í ljósi rannsóknarsprungarinnar.

Hestamennska á Norðurlandi vestra

Til Norðurlands vestra teljast þrjár sýslur: Vestur Húnvatnssýsla, Austur Húnvatnssýsla og Skagafjarðarsýsla. Allar eru þessar sýslur þekktar fyrir hestamennsku og hafa verið það um langt skeið. Fyrstu tilraunir til að stunda markvissa ræktun reiðhrossa hérlendis, voru gerðar í Skagafirði en þar voru árið 1879 settar á fót nefndir í öllum hreppum um bættar aðferðir í hrossaraækt. Fyrstu lög um hrossaraækt voru svo samþykkt af Alþingi árið 1891 (Sigurður A. Magnússon 1978).

Þróun hrossaraæktar og hestamennsku á Norðurlandi vestra einkennist ekki hvað síst af félagsstarfi, viðburðum og aðgengi að fræðslu og menntun. Vísbindingar eru um að mannlíf, samskipti og félagsleg tengsl hestamanna hafi í gegnum tíðina verið mikilvægur þáttur hestamennskunnar. Ástríður Sigurðardóttir (2013) bendir m.a. á mikilvægi þess félagsauðs sem fólginn kann að vera í samskiptum og tengslum hestamanna.

Meðal stórra viðburða á svæðinu má nefna Landsmót hestamanna sem frá árinu 1974 hefur verið haldið nokkuð reglulega á Vindheimamelum í Skagafirði (Gísli B. Björnsson 2004) og verður væntanlega haldið að Hólum í Hjaltadal árið 2016 (Háskólinn á Hólum [á.á]). Árið 1882 var stofnaður bændaskóli á Hólum og hrossakynbótabú ríkisins árið 1963 (Sölvi Sveinsson 1982). Skólinn þróaðist síðan í háskóla þar sem hestafræði og ferðamálafræði eru nú tvö af þremur meginviðum skólastarfsins. Frá Hólum hafa útskrifast tamningamenn, þjálfarar og reiðkennarar í samstarfi við Félag tamningamanna (Háskólinn á Hólum 2014). Við Fjölbautaskóla Norðurlands vestra hefur um árabil verið boðið upp á valnámskeið í hestamennsku. Hestamiðstöð Íslands, sem staðsett var á Sauðárkróki, var sett á stofn árið 1999 (Morgunblaðið 1999) og Sögusetur íslenska hestsins á Hólum árið 2001. Samkvæmt upplýsingum úr félagatali Félags tamningamanna er um 17% félagsmanna með aðsetur á Norðurlandi vestra (Ingibjörg Sigurðardóttir 2011) og um 15% íbúa svæðisins eru

félagar í hestamannafélögum samanborið við 3,25% á landsvísu (Landsamband hestamannafélaga, tölvupóstur 21. janúar 2011, Ingibjörg Sigurðardóttir 2011). Ætla má því að myndun og flæði þekkingar í tengslum við reiðmennsku og hrossarækt hafi verið virk á Norðurlandi vestra um langt skeið.

Eins og fram kemur í inngangi, er fjöldi hrossa í hlutfalli við fjölda íbúa afar hár á Norðurlandi vestra miðað við það sem tíðkast annars staðar á landinu og erlendis (Ingibjörg Sigurðardóttir 2011). Sé rýnt nánar í tölurnar kemur í ljós að fjöldi hrossa á hverja þúsund íbúa í Húnnavatnssýslum er um 3500 hross á 1000 íbúa en 1165 í Skagafirði (Hagstofa Íslands 2011, Bændasamtök Íslands, tölvupóstur 20. janúar 2011). Í sóknaráætlun Norðurlands vestra 2013 kemur fram að landbúnaður sé mikilvægur þáttur í atvinnulífi svæðisins og hlutfallslega mikilvægari þar en á öðrum landsvæðum (Samband sveitarfélaga á Norðurlandi vestra 2013). Þrátt fyrir það eru upplýsingar um fjárhagslegt umfang og mikilvægi hrossaræktar, hestamennsku og hestaferðaþjónustu á svæðinu afar takmarkaðar.

Í stöðumati ferðaþjónustunnar í Skagafirði og stefnumótun fyrir ferðaþjónustu í Skagafirði 2006-2010, sem unnin var á vegum Sveitarfélagsins Skagafjarðar, var lögð rík áhersla á að viðhalda hestatengdri ímynd svæðisins og byggja upp ferðaþjónustu í tengslum við hesta og hestatengda viðburði. Er þar meðal annars lagt til að hagsmunaaðilar á svæðinu efla samstarf á grundvelli klasasamstarfs (Guðrún Þóra Gunnarsdóttir o.fl. 2006). Nokkur áhersla hefur verið lögð á að styðja við samstarf og þróun klasa á sviði hestamennsku í gegnum Vaxtarsamning Norðurlands vestra en í upplýsingum um samninginn segir að honum sé ætlað að: „Þróa áfram og efla klasasamstarf vaxtargreina svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu á vel skilgreindum styrkleikasviðum“ (Samband sveitarfélaga á Norðurlandi vestra [á.á.]). Þess má einnig geta að í framtíðarsýn fyrir svæðið árið 2020 er lögð áhersla á uppbyggingu í hestatengdri ferðaþjónustu og samkeppnishæfni svæða (Forsætisráðuneytið [á.á.]).

Klasar

Klasafræðin eiga sér langa sögu (Guðjón Örn Sigurðsson og Runólfur Smári Steinþórsson 2014) og er upphaf klasakenninga jafnan rakið til Marshalls (1890/1920). Marshall setti fram hugmyndina um iðnaðarhverfi þar sem finna má þyrringu margra lítila fyrirtækja sem eru á sama stað og af svipuðum toga. Marshall benti á hagkvæmnina sem ætti sér stað innan slíkra þyrringa vegna þróunar á sérstakri færni, sérhæfingu fyrirtækja og stoðbjónustu við þau. Í kjölfar Marshalls hafa fleiri fræðimenn rannsakað svæðisbundna samsöfnun fyrirtækja og grósku á tilteknum sviðum. Einn þeirra var Michael E. Porter (1990, 1998) sem kom fram með nálgun sem útskýrir vel þá þýðingu sem staðbundnar þyrringar fyrirtækja og stofnana hafa fyrir bæði atvinnulíf og samfélagið í heild. Þessar kenningar lýsa samhengi lykilþátta í stefnumiðuðu ljósi gegnum hugtökin klasa og samkeppnishæfni. Rannsóknir Porters voru víðtækar og náðu til Bandaríkjanna, Evrópu og Asíu. Framlag Porters hefur hlutið mikla útbreiðslu, ekki síst demantslíkanið sem útskýrir hvaða þættir það eru á tilteknum stað sem liggja til grundvallar samkeppnishæfni þeirrar starfsemi sem er að finna á viðkomandi svæði (Porter 1990, 1998).

Porter (1990) setti fram hugmyndina um klasakortið, þ.e. grafíkska framsetningu á klösum. Í fyrstu skilgreindi Porter klasa sem þyrringar fyrirtækja í svipaðri starfsemi á landfræðilega afmörkuðu svæði sem hefðu bæði lóðrétt og lárétt tengsl af margháttuðu tagi. Síðar var þessi skilgreining uppfærð: „Klasar eru landfræðilega afmarkaðar þyrringar fyrirtækja, sérhæfðra birgja, þjónustuaðila, fyrirtækja í tengdum atvinnugreinum og stofnana sem eru í gagnvirkum tengslum á tilteknu sviði sem keppa

innbyrðis en starfa einnig saman” (Porter 1998). Aðferðum Porters hefur verið beitt til að skoða hestamennsku sem atvinnugrein í Texas í Bandaríkjunum (Garkovich, Brown og Zimmerman 2009) og til að skoða veðreiðar á landfræðilega afmörkuðu svæði í Bretlandi (Parker og Beedell 2010).

Hugtakið klasi gefur innsýn í þá svæðisbundnu sérhæfingu og það samspil fyrirtækja og hagsmunaaðila sem skila efnahagslegum ávinningi (Porter 1990, 1998, Saxonian 1994, Enright 2003). Klasi ýtir einnig undir þróun á samstarfi sem skilar sér í auknu trausti og miðlun þekkingar á milli aðila (Rosenfeld 1996, Sydow o.fl. 2011). Þeir Guðjón Örn Sigurðsson og Runólfur Smári Steinþórsson (2014) hafa dregið saman eftirfarandi lýsingu á klösum: „Klasi er þannig staðbundinn og samanstendur af ólíkum aðilum, fyrirtækjum og stofnunum, sem eiga í ólíkum samskiptum sín á milli en sem tengjast á mismunandi hátt og varða verðmætasköpun og árangur á tilteknu sviði. Af ofangreindu má sjá að staðbundin þyrring fyrirtækja ein og sér er ekki nægilegt skilyrði til að vera fullburða klasi. Ef samsöfnunin leiðir ekki til samlegðaráhrifa hjá aðilum er tæpast hægt að tala um klasa. Það sem skilur á milli þyrringar fyrirtækja í tengdum athöfnum og fullburða klasa er því virðisaukinn sem verður til fyrir tilstilli klasans í gegnum samvirkni og samskipti. Þessi samskipti geta verið skipulögð af hlutaðeigandi aðilum, t.d. gegnum klasaframtak, en geta líka þróast án sérstaks samstarfs“.

Aðferðir

Rannsóknin byggir á greiningu fyrirliggjandi gagna (e. secondary data) sem safnað hafði verið í öðrum tilgangi en beinlínis fyrir þessa rannsókn. Gögnin voru síðan flokkuð og metin út frá kenningum klasafræðanna.

Til að undirbúa gerð klasakorts var leitað leiða til að skrá dreifingu hestatengdrar atvinnustarfsemi á rannsóknarsvæðinu auk þess sem rýnt var í um hvers konar starfsemi var að ræða. Lagt var upp með landakort af svæðinu og eftir því gerður listi yfir lögbýli og þéttbýlisstaði. Skráð var hvort og þá hvers konar hestatengd atvinnustarfsemi fór fram á hverju lögbýli og í hverjum þéttbýliskjarna fyrir sig. Var þessi greining unnin í nokkrum þrepum. Á fyrsta þepi var byggt á fyrirliggjandi gögnum og þekkingu höfunda á svæðinu og hestatengdri starfsemi þar. Því næst var leitað til ráðunauta í hrossarækt, forsvarsmanna í hestatengdum samtökum og félögum. Loks var leitað til hestamanna sem kunnugir voru í hverri sýslu fyrir sig og þeir fengnir til að fara yfir gagnasafnið og leiðréttu og bæta við eftir þörfum. Efni á vefsíðum og á prenti var síðan nýtt til að staðfesta upplýsingar eftir því sem mögulegt var. Með þessu móti náðist smátt og smátt að byggja upp yfirlit yfir þá hestatengdu starfsemi sem til staðar er á Norðurlandi vestra.

Til stuðnings voru notuð fyrirliggjandi gögn um þætti eins og fjölda hrossa eftir landsvæðum (Matvælastofnun), fjölda íbúa (Hagstofa Íslands), fjölda fyrirtækja í hestafeðaþjónustu (Ferðamálastofa), fjölda og búsetu tamningamanna og reiðkennara (Félag tamningamanna), félaga í hestamannafélögum á svæðinu (Landsamband hestamannafélaga), uppruna og fjölda hrossa af svæðinu sem sýnd höfðu verið í kynbótadómi (VeraldarFengur), o.s.frv. Voru þessi gögn ýmist sótt í opna gagnagrunna þessara stofnana og félaga eða gögn sem fengin voru í gegnum tölvupóst.

Leitað var fanga í bókum, tímaritum og á veraldarvefnum til að finna upplýsingar um þróun hestamennsku og mögulegar vísbendingar um þróun klasa í hestamennsku á rannsóknarsvæðinu, til lengri tíma litið. Enda var markmið rannsóknarinnar að rýna í mögulega þróun klasa (e. cluster) en ekki eingöngu klasaframtaks (e. cluster initiative). Var þróun hestamennsku á svæðinu því skráð á

tímalínu ásamt þróun hestamennsku á landsvísu. Með því móti var mögulegt að rýna í þroskaferil og þróun klasans.


Helstu annmarkar rannsóknarinnar felast í takmörkuðum upplýsingum um ákveðna þætti hestatengdrar starfsemi og skorti á skilgreiningum. Víða voru mörk milli áhugamáls og atvinnustarfsemi ekki skýr út á við þó að greinarmunur hafi vissulega verið gerður á þeim sem höfðu kennitölu og virðisaukaskattsnúmer á sinni starfsemi og þeim sem stunduðu hestamennsku fyrst og fremst sem áhugamál. Engin skráning var þó til á hestatengdum fyrirtækjum í heild enda er hestatengd starfsemi oft á tíðum hluti af annars konar landbúnaðarrekstri. Því var erfitt að skilgreina hversu stór hluti starfseminnar var hestatengdur eða hver væri fjöldi fyrirtækjanna og eðli þeirra. Sem dæmi um þennan skilgreiningarvanda má nefna að opinberlega hefur ekki verið skilgreint hvað hrossaræktandi er. Velta má fyrir sér hvort undir þá skilgreiningu falli aðeins þeir sem hafa að hluta eða öllu leyti atvinnu af hrossarækt eða hvort og þá hvenær áhugamenn falla einnig undir þessa skilgreiningu. Hrossabóndi getur átt 30 hryssur í stóði sem fyrst og fremst eru nýttar til kjötframleiðslu á sama tíma og áhugamaður á 2-3 sýndar kynbótahryssur sem skila meiri erfðaframför inn í stofninn.

Í þessari rannsókn var ákveðið að byggja skilgreiningu á hrossarækt á gögnum sem mögulegt var að afla í gegnum VeraldarFeng, ættbók íslenska hestsins. Var fjöldi hrossaræktenda byggður á upplýsingum í VeraldarFeng um fjölda sýndra kynbótahrossa frá hverjum upprunastað fyrir sig. Ákveðið var að afmarka fjölda hrossaræktenda við þá upprunastaði sem hafa skilað kynbótahrossum, einu eða fleirum í aðaleinkunn upp á 7,5 eða hærra á undanförnum 6 árum. Í frumgreiningu var ekki gerður greinarmunur á fjölda sýndra hrossa frá hverjum stað né hvort hrossin náðu fyrstu verðlaunum (aðaleinkunn 8,0) eða ekki. Þessi skilgreining hefur þó þá annmarka að gera má ráð fyrir að með þessari aðferð séu vantaldir allmargir af þeim sem eiga og rækta hross í nokkuð stórum stíl. Á móti kemur að á einhverjum af þessum upprunastöðum var ekki stunduð hrossarækt að staðaldri heldur höfðu eitt eða fá hross verið kennd við staðinn án þess að þar færi fram markviss hrossaraækt.

Niðurstöður

Mörg fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök, auk einstaklinga, komu að hestatengdri starfsemi á Norðurlandi vestra. Hestatengd starfsemi átti sér þar stað í öllum þáttum virðiskeðjunnar, allt frá frumframleiðslu til sérhæfðrar þjónustu (mynd 1). Starfsemin hefur þróast á löngum tíma og fjöldi og fjölbreytileiki hestatengdra fyrirtækja á svæðinu gefur vísbendingu um aukið samspli sem skilar virðisauka og meiri styrk innan greinarinnar sem síðan laðar að sér frekari starfsemi á þessu sviði. Einnig voru skýr merki um að flæði þekkingar á sviði hestamennsku væri á meðal styrkleika svæðisins. Til að varpa ljósi á eðli hinnar hestatengdu starfsemi á Norðurlandi vestra drögum við upp frumgerð af klasakorti sem sýnir klasann (mynd 1). Fyrir miðju klasakortsins er sú starfsemi sem var kjarninn í hinni hestatengdu starfsemi; ræktun lífhrossa og sláturmessu. Í tengslum við lífhrossin var mikil áhersla á tamningar, þjálfun og sýningaráhald sem svo skapaði forsendur fyrir sérhæft námskeiðahald og aðra þjónustu. Hestaferðaþjónusta og reiðmennska áhugamanna voru einnig mikilvægir þættir. Framleiðsla á folöldum til slátrunar var töluverð og blóðtaka til lyfjaframleiðslu var oft þáttur í slíkri starfsemi. Afurðir hestsins svo sem hrosshár voru einnig notaðar í handverk. Varðandi sláturmessu var fyrir hendi aðstaða og rekstur sem sérhæfði sig í slátrun og kjötvinnslu. Dýralæknabjónusta var og nauðsynleg, bæði fyrir sláturmessu og lífhrossin. Hestaflutningar voru einnig vaxandi sem sérhæfður rekstur um leið og nokkur framleiðsla var á hestakerrum þar sem margir kjósa að eiga sínar kerrur.

Umtalsverð sérhæfð þjónusta tengdist hrossarækt, bæði hvað varðar lífhross og sláтурhross. Hvað aðföng og aðstöðu varðar þá þarf aðgang að beitlandi og ræktuðu landi til fóðurframleiðslu. Það þarf girðingar, sérhæfð hús og innréttigar og voru sérhæfðir verktakar á því sviði. Húsin þurfa lýsingu og upphitun, auk þess að vera vel búin til hestahalds og þjálfunar á hrossum. Lífhross sem höfð eru á húsi þurfa undirburð, mikla umhirðu og reiðtygi og annan búnað í tengslum við tamningar og þjálfun. Einnig þurfa hestamenn sérhæfðan fatnað. Það þarf skeifur undir hrossin og var skeifnaframleiðsla á svæðinu. Járningar hafa auk þess þróast sem sérhæfð þjónustugrein. Eftir því sem fram vindur í þjálfun og tamningum eru hrossin sýnd, sett í dóm og leidd fram í keppni. Fagmenn í þjálfun og tamningum þroa færni sína og þjálfa bestu hrossin enn frekar til sýninga og keppni innan héraðs, á landsvísu og erlendis. Landsmótsstaður hefur verið í Skagafirði um langt skeið. Í tengslum við mótmáld og sýningar hefur þróast sérhæfð ljósmyndun og kvíkmyndun, auk fréttamennsku. Sérhæfður búnaður var soldur í hestavöruverslunum sem þjóna bæði atvinnufólki, áhugafólki og ferðafólki.



Mynd 1: Klasi hestatengdrar starfsemi á Norðurlandi vestra

Heimamenn og ferðafólk sótti þá viðburði sem voru í boði um leið og nýir viðburðir voru þróaðir áfram til að ýta undir frekari eftirspurn. Slíkir viðburðir eru mótt og sýningar auk þess sem stóðréttir á Norðurlandi vestra eru landsþekktir viðburðir. Ferðafólk kemur á þessa viðburði og nýtir sér einnig þjónustu í tengslum við hestaferðir sem svo aftur ýtir undir þörf á leiðsögumönnum og öðru starfsfólk í ferðaþjónustu. Samhliða auknum umsvifum hefur þörfin fyrir tryggingar og ýmis konar ráðgjafabjónustu, sem ýmist er rekin af einkaaðilum eða hinu opinbera aukist. Á svæðinu eru menntastofnanir, svo sem háskóli og framhaldsskóli, sem láta sig hestatengd fræði skipta í kennslu og rannsóknum, auk Söguseturs íslenska hestsins. Innan klasans er líka mikið félagsstarf tengt hestum og innan þess er lögð rækt við ýmis konar starfsemi og viðburði m.a. æskulýðsstarf.

Með samanburði á gögnum sem notuð voru til greiningar á hestatengdum klasa á Norðurlandi vestra og gögnum um ferðaþjónustu og landbúnað frá Ferðamálastofu og Hagstofu Íslands, mátti sjá skýr merki þess að innan svæðisins væru aðrir klasar sem hefðu snertifleti við hestatengda starfsemi, eins og landbúnaðarklasi og ferðaþjónustuklasi. Í gegnum tíðina hefur hesturinn verið hluti af hefðbundnu

búfjárhaldi til sveita. Hefur þetta endurspeglast í lögum og reglugerðum um búfé en þar hefur lengst af verið litið á hestinn með sama hætti og annað búfé. Enn í dag eru hrossarækt og hestamennska víða hluti af hefðbundnum landbúnaði, enda algengt m.a. á Norðurlandi vestra að hestatengd starfsemi sé rekin samhliða öðrum landbúnaði. Í þeim tilfellum sem hrossarækt, tamning, þjálfun og önnur hestatengd starfsemi er stunduð í þéttbýli, hafði starfsemin tengsl við landbúnað s.s. í gegnum kaup á heyi, hagagöngu eða öðru slíku.

Sífellt fleiri fyrirtæki á Norðurlandi vestra byggja afkomu sína að hluta eða öllu leyti á ferðaþjónustu í tengslum við hesta en 14 fyrirtæki buðu hestatengda ferðaþjónustu á þessu svæði. Var sú þjónusta í formi hestaleigu þar sem boðið var upp á reiðtúra allt að einum degi eða lengri hestaferðum sem standa yfir í allt að 10 daga. Einnig buðu nokkur fyrirtæki upp á hestasýningar fyrir ferðamenn. Önnur hestatengd ferðaþjónusta er hér ótalín. Ferðalög Íslendinga á eigin hestum eru algeng og eru fjölmargir aðilar innan ferðaþjónustu, hestamennsku og landbúnaðar sem veita þessum aðilum þjónustu í formi hagagöngu, gistingar, leiðsagnar, járninga, dýralæknabjónustu o.fl. Leiða má að því líkum að þessir þrír klasar; hestaklasi, ferðaþjónustuklasi og landbúnaðarklasi tengist með margvíslegum hætti á Norðurlandi vestra en frekari rannsókna er þörf til að kortleggja enn frekar þau tengsl og samlegðaráhrif klasanna.

Ræktun hrossa er grunnur að annarri hestatengdri starfsemi en miðað við þá skilgreiningu sem notuð var í þessari rannsókn voru 212 hrossaræktendur á Norðurlandi vestra. Tamningar og þjálfun hrossa er stunduð sem atvinna á a.m.k. 60 stöðum á svæðinu. Var þar miðað við að a.m.k. einn aðili hefði fullt starf af þessari starfsemi á ársgrundvelli. Víða eru fleiri en einn aðili sem starfa við tamningar ýmist allt árið eða hluta úr ári auk þess sem að algengt er að tamningar séu stundaðar sem hliðargrein með annarri starfsemi. Ítarlegri rannsókna er þörf til að meta umfang annarrar hestatengdrar starfsemi en þess má geta að við Háskólann á Hólum eru um 17 stöðugildi í hestatengdri starfsemi. Dýralæknar á svæðinu eru fjórir auk héraðsdýralæknis og tveggja eftirlitsdýralækna en hluti af þeirra starfsemi tengist hestum. Járnningamenn eru með aðsetur á svæðinu en ætla má að þeir hafi hluta af sínum tekjum af vinnu annars staðar. Á móti kemur að algengt er að menn járni sín hross sjálfir auk þess sem að allmargir til viðbótar bjóða járnningaþjónustu samhliða annarri starfsemi. Því er erfitt um vik að meta umfang þessarar starfsemi auk þess sem að járnningar eru ekki lögvernduð iðn hérlandis þannig að hver sem er getur tekið að sér að járna hross.

Samkeppni virðist einnig vera að aukast. Á það ekki hvað síst við í hrossaræktinni en samkvæmt upplýsingum úr ættbók íslenska hestsins komu 38% fyrstu verðlauna stóðhesta og 23% fyrstu verðlauna hryssna af Norðurlandi vestra (öll úr Skagafirði) á árinu 1990. Árið 2013 komu 13,7% fyrstu verðlauna hesta og 18,5% fyrstu verðlauna hryssna af Norðurlandi vestra, þar af 3,7% stóðhesta og 8,1% hryssna úr Húnnavatnssýslum sem bendir til að hrossarækt í Húnnavatnssýslum sé að sækja í sig veðrið.

Umræður

Niðurstöður þessarar rannsóknar benda eindregið til þess að hestatengd starfsemi á Norðurlandi vestra sé fjölbætt og að þróun hennar beri einkenni klasaþróunar. Hestaklasiinn á Norðurlandi vestra einkennist af því að hann hefur þróast um langt skeið, ef litið er almennt til þróunar í hestatengdri starfsemi hérlandis. Klasinn samanstendur af þó nokkrum fjölda og vaxandi þéttleika fyrirtækja í hestamennsku og tengdum greinum, menntun og rannsóknum á sviðinu og fjölbreyttu félagsstarfi og

viðburðum. Einnig virðist einkenna klasann hversu sterk tengsl hann hefur við aðra atvinnustarfsemi á svæðinu svo sem landbúnað og ferðaþjónustu.

Telja má því líklegt að þessi uppbygging fjölþættrar hestatengdrar starfsemi yfir langan tíma á Norðurlandi vestra skili sér í efnahagslegum og félagslegum ávinningi fyrir atvinnugreinina og svæðið í heild, þá ekki síst fyrir tengda klasa. Er það mikilvægt fyrir greinina sjálfa, stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila að vita hvaða starfsemi er til staðar og hvernig henni er háttað. Ekki er síður mikilvægt að rýna í hver eru raunveruleg tengsl og jákvæð samlegðaráhrif aðila innan klasans. Skoða þarf nánar hvort og hvernig sambjöppun fyrirtækja, stofnana og félaga á sviði hestamennsku á Norðurlandi vestra skapar ávinning fyrir hestamennsku sem atvinnugrein og fyrir tengdar atvinnugreinar eða klasa sem í þessari rannsókn hafa verið skilgreindir sem ferðaþjónusta og landbúnaður. Eins og Guðjón Örn Sigurðsson og Runólfur Smári Steinþórsson (2014) benda á, er mikilvægt að gera greinarmun á þyrringu fyrirtækja í tengdum athöfnum og þyrringu fyrirtækja og stofnana í virkum klasa. En þar er það virðisaukinn sem verður til vegna samspilsins á milli aðila sem skilur á milli. Til að um sé að ræða virkan klasa þarf klasasamstarfið að skila virðisauka inn í greinina og samfélagið í heild.

Eins og áður sagði, bendir Marshall (1890/1920) á hagkvæmnina sem felst í því að fyrirtæki í tengdri starfsemi þyrpist saman. Það leiði til þróunar á sérstakri færni, sérhæfingu og stoðþjónustu við hana. Ef litið er á klasakortið fyrir hestamennsku á Norðurlandi vestra (mynd 1), má ætla að slík áhrif séu að nokkru marki til staðar, því sú fjölþætta tengda þjónusta sem til staðar er á svæðinu væri vart eins öflug og raun ber vitni ef grunnstoðir hestamennskunnar væru ekki á staðnum. Sem dæmi má nefna að ef ekki væri hrossarækt, tamningar, þjálfun og önnur slík starfsemi á svæðinu, væri hæpið að forsendur væru fyrir fjölbreytta hestatengda viðburði og þjónustu eins og járningar og hestaflutninga.

Flæði þekkingar á svæðinu er einnig mikilvægt og má ætla að sú menntun og rannsóknir sem fram fara á svæðinu í tengslum við hesta, skipti verulegu máli til að hvetja til verðmætasköpunar innan greinarinnar. Menntun og færni tamningamanna skipta til dæmis sköpum varðandi það að vel takist til að gera söluhæfa vöru úr þeim tryppum sem alin eru upp á svæðinu.

Þessi rannsókn sem hér er greint frá er hugsuð sem innlegg í mun viðameira rannsóknarverkefni um þróun klasa á Norðurlandi vestra. Næstu skref rannsóknarinnar felast í frekari gagnaöflun m.a. í gegnum viðtöl þar sem rýnt verður nánar í tengslin á milli aðila innan klasans og hvort og þá hvernig þeir upplifa áhrifin af því að starfa innan klasans. Rýnt verður enn frekar í einkenni klasans, mögulegan virðisauka hans og skoðað sérstaklega á hvaða þróunarstigi hann er út frá kenningum um þróun klasa.

Heimildaskrá

Ástríður Sigurðardóttir 2013. Mikilvægi félagsauðs og samstarfs hestamanna í Skagafirði. MA ritgerð, Félagsvíndadeild Háskólans á Bifröst. <http://skemman.is/item/view/1946/16118>

Buchmann, A. 2014. Insights into domestic horse tourism: the case study of Lake Macquarie, NSW, Australia. *Current Issues in Tourism*, 1-17. Doi:10.1080/13683500.2014.887058.

Enright, M. J. 2003. Regional clusters: what we know and what we should know. In: *Innovation clusters and interregional competition*, Bröcker, J., D. Dohse og R. Soltwedel, (ritstj.), bls. 99-129. Springer-Verlag, Berlin.

Forsætisráðuneytið [á.á.]. Sóknaráætlun 2020, samkeppnishæfni. Sótt 26. mars 2014 á <http://www.forsaetisraduneyti.is/verkefni/soknaraaetlun-2020/samkeppnishaefni/>

Garkovich L., K. Brown og J. N. Zimmerman 2009. "We're not horsing around" Conceptualizing the Kentucky Horse Industry as an Economic Cluster. *Journal of Community Development Society*, 39(3): 94-113. Doi:10.1080/15575330809489671.

Gísli B. Björnsson 2004. *Íslenski hesturinn*. Mál og menning, Reykjavík.

Guðjón Örn Sigurðsson og Runólfur Smári Steinþórsson 2014. Klasar og klasakenningar. Í: *Vorráðstefna Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands 14. mars 2014*, Auður Hermannsdóttir, Ester Gústavsdóttir og Kári Kristinsson (ritstj.), bls. 45-59. Viðskiptafræðistofnun, Reykjavík.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Ingibjörg Sigurðardóttir, Kjartan Bollason, Laufey Haraldsdóttir, Þorsteinn Broddason og Þorvarður Árnason 2006. *Ferðapjónusta í Skagafirði, Stefnumótun 2006-2010*. Sveitarfélagið Skagafjörður, Sauðárkróki.

Hagstofa Íslands 2011. Mannfjöldi. Sótt 15. febrúar 2011 á <http://hagstofa.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Sveitarfelog>

Háskólinn á Hólum [á.á.]. Landsmót 2016 heima á Hólum. Sótt 25. janúar 2015 á
http://www.holar.is/landsmot_2016_heima_a_holum

Háskólinn á Hólum 2014. Um Háskólann á Hólum. Sótt 27. mars 2014 á
http://www.holar.is/almennt_efni/um_haskolann_a_holum

Ingibjörg Sigurðardóttir 2011. Hestamennska sem atvinnugrein á Norðurlandi vestra. Í *Fræðabing landbúnaðarins 2011*:84-90.

Liljenstolpe, C. 2009. Horses in Europe. Swedish University of Agricultural Sciences (SLU), Svíþjóð.

Marshall, A. (1890/1920). *Principles of economics*. MacMillan, London.

Morgunblaðið 10. desember, 1999. Hestamiðstöð Íslands formlega stofnuð. Sótt 27. febrúar 2015 á
http://www.mbl.is/greinasafn/grein/508108/?item_num=0&searchid=0d4c87f5947e538302c7d32338db84fd40500441

Ollenburg, C. 2005. Research note, worldwide structure of the equestrian tourism sector. *Journal of Ecotourism*, 4(1): 47-55. Doi:10.1080/14724040508668437.

Parker, G. og J. Beedell 2010. Land-based economic clusters and their sustainability: The case of the horseracing industry. *Local Economy*, 25(3): 220-233. Doi:10.1080/02690941003784275.

Porter, M. E. 1990. *The competitive advantage of nations*. Macmillan, London.

Porter, M.E. 1998. *On competition*. Harvard Business Press, Boston.

Rosenfeld, S. A. 1996. *OverAchievers:Business clusters that work:Prospects for regional development*. Chapel Hill, NC, Regional Technology Strategies.

Samband sveitarfélaga á Norðurlandi vestra [á.á.]. Vaxtarsamningur. Sótt 26. mars 2014 á
<http://ssnv.is/Vaxtarsamningur.aspx>

Samband sveitarfélaga á Norðurlandi vestra 2013. Sóknaráætlun Norðurlands vestra 1.3.2013. 2. útgáfa. Sótt 26. mars 2014 á <http://www.stjornarrad.is/media/sl/Soknaraaetlun-Nordurlands-vestra-070313.pdf>

Saxenian, A. 1994. *Regional advantage: Culture and competition in Silicon Valley and Route 128*. Cambridge, Harvard University Press, Massachusetts.

Sigurður A. Magnússon 1978. FÁKAR, *Íslenski hesturinn í blíðu og stríðu*. Bókaforlagið Saga, Reykjavík.

Sydow, J., F. Lerch, C. Huxham og P. Hibbert 2011. A silent cry for leadership: Organizing for leading (in) clusters. *The Leadership Quarterly*, 22(2): 328-343.

Sölvi Sveinsson 1982. *Bændaskólinn á Hólum 1882-1982, afmælisrit*. Bændaskólinn á Hólum, Reykjavík.

The Henley Center 2004. A report of research on the horse industry in Great Britain. Defra Publications, London.